

Nd.

562. Breytingartillögur

[180. mál]

við frv. til lánsfjárlaga fyrir árið 1980.

Frá 3. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar (SvH, MÁM, AG).

1. Við 3. gr. Meginmál greinarinnar orðist svo:

Hverjum lifeyrissjóði, sem lögbundinn er eða nýtur viðurkenningar fjármálaráðuneytisins, sbr. 1. tl. D-liðar 30. gr. laga nr. 40/1978, um tekjuskatt og eignarskatt, er skylt að verja á ári hverju að minnsta kosti 40% af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skuldabréfum með fullri verðtryggingu til langs tíma, er Seðlabanki Íslands metur gild í þessu efni. Ef sérstakar fjárhagsástæður einstakra lifeyrissjóða krefjast, getur fjármálaráðherra lækkað framangreint hlutfall verðbréfa-kaupa af ráðstöfunarfé.

Af því marki sem þarf til að lifeyrissjóðir geti fullnægt ávöxtunarákvæðum í 1. mgr. er fjármálaráðuneytinu skylt að hafa verðtryggð skuldabréf til sölu — bæði eigin skuldabréf og bréf Framkvæmdasjóðs Íslands og Byggingarsjóðs ríkisins — og skal andvirði bréfanna ráðstafað samkvæmt lánsfjáráætlun ríkisstjórnarinnar. Þá skal og öðrum stofnlána- og fjárfestingarsjóðum heimilt að gefa út og selja lifeyrissjóðum skuldabréf er fullnægja verðtryggingarákvæðum 1. mgr. að mati Seðlabanka Íslands.

Setja skal með sérstakri reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd og tíma-
setningu þessara skuldabréfakaupa innan ársins og skilgreiningu ráðstöfunar-
fjár.

2. 13. gr. falli brott.
3. 19. gr. falli brott.
4. 21. gr. falli brott.
5. 22. gr. falli brott.
6. 23. gr. falli brott.